

Leikmanna- og foreldrasamningur



- Nýr samningur
- Breytingar á núverandi samningi

Knattspyrnufélagið Valur, leikmaður og foreldrar/forráðamenn leikmanns gera með sér eftirfarandi samning:

1. Skyldur leikmanns

- Leikmaður ætlar að æfa og leika: knattspyrnu handbolta körfubolta með Val eftir bestu getu á meðan áhugi leikmanns er til staðar.
- Leikmaður ætlar að fylgja í einu og öllu þeim reglum sem settar eru af þjálfara flokksins og ávallt leggja sig 100% fram á æfingu og í leikjum. Hann mun einnig mæta tímanlega á æfingar.
- Leikmaður mun gæta þess að framkoma hans og talsmáti séu til fyrirmyndar og stuðli að jákvæðri ímynd félagsins.
- Leikmaður ætlar að leggja sig fram um að mæta á sem flesta heimaleiki Vals og vera duglegur að hvetja sitt lið við hvert tækifæri.
- Leikmaður ætlar að borða hollan mat, fara snemma að sofa og vera duglegur að læra heima.
- Leikmaður ætlar að gæta þess að mæta alltaf með tilskilin búnað á æfingar og í keppnisgalla Vals í keppni.
- Leikmaður er skráður sem félagsmaður Vals og mun hluti af æfingagjöldum fara í félagsaðild.

2. Skyldur Knattspyrnufélagsins Vals

- Valur mun sjá til þess að leikmaður geti æft við bestu mögulegu aðstæður hverju sinni.
- Valur mun sjá til þess að leikmaður njóti leiðsagnar þjálfara með haldbæra þekkingu og reynslu í þjálfun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er.
- Valur mun veita öllum leikmönnum tækifæri til að þroskast og læra íþróttir í öruggu umhverfi.
- Valur mun útvega leikmanni liðstreyju annað hvert ár og/eða þegar að nýir búningar eru kynntir til sögunnar (innifalið í æfingagjaldi) sem hann á og ætlast er til að hann klæðist.

3. Skyldur foreldra/forráðamanna leikmanns

- Foreldrar/forráðamenn skuldbinda sig til að greiða æfingagjöld fyrir leikmann skv. verðskrá félagsins hverju sinni.
- Foreldrar/forráðamenn ætla að sjá til þess að leikmaður hafi til umráða viðeigandi búnað (skó, hlífar og æfingagalla) til notkunar á æfingum og í keppni ásamt öðrum nauðsynlegum hlífðarfatnaði.
- Foreldrar/forráðamenn ætla að sjá til þess að leikmaður hafi til umráða rauða íþróttasokka og hvítar stuttbuxur (frá Hummel) til notkunar í keppni á vegum félagsins.
- Foreldrar/forráðamenn ætla að sýna gott fordæmi á leikjum og sýna dómurum og öllu starfsfólki virðingu.

4. Gildistími

Samningurinn gildir frá undirritun til loka leiktíðar sem er 15. desember ár hvert.

Samningurinn endurnýjast með undirritun foreldris/forráðamanns á leikmannalista í upphafi leiktíðar ár hvert.

Leikmaður og foreldrar/forráðamenn geta sagt þessum samningi upp fyrirvaralaust innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans og skal uppsögnin berast þjálfara eða stjórn unglíngaráðs bréfleiðis eða með tölvupósti.

Leikmanna- og foreldrasamningur



Leikmaður

Nafn: _____ kt.: _____

Heimilisfang: _____ Póstnr.: _____

Sími: _____ Netfang: _____

Nafn systkina (ef þau æfa einnig hjá Val): _____

Undirskrift leikmanns: _____

Foreldri/forráðamaður- A

Nafn: _____ kt.: _____

Heimilisfang: _____ Póstnr.: _____

Sama og leikmanns

Sími: _____ Netfang: _____

Sama og leikmanns

Sama og leikmanns

Ég hef áhuga á að gerast félagi í Val, fá fréttir og njóta fríðinda sem slík(ur)

Foreldri/forráðamaður - B

Nafn: _____ kt.: _____

Heimilisfang: _____ Póstnr.: _____

Sama og leikmanns

Sími: _____ Netfang: _____

Sama og leikmanns

Sama og leikmanns

Ég hef áhuga á að gerast félagi í Val, fá fréttir og njóta fríðinda sem slík(ur)

Reykjavík dags: ____ / ____ / _____